

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 1439/2022, um fjárhæðir frítekjumarka
(tekjumarka) almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2023.

1. gr.

D-liður 2. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Sérstök uppbót vegna framfærslu skv. 2. mgr. 9. gr.:

i.	Til lífeyrisþega sem fær greidda heimilisuppbót	399.034
ii.	Til lífeyrisþega sem fær ekki greidda heimilisuppbót	317.356

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 63. gr. og 11. tölul. ákvæðis til bráðabirgða við lög nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 54/2023, og 14. gr. laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júlí 2023.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, 29. júní 2023.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Jóna Guðný Eyjólfsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.